

Upplýsingaöryggisstefna landskjörstjórnar

TILGANGUR OG MARKMIÐ

Landskjörstjórn leggur ríka áherslu á upplýsingaöryggi og örugga meðferð gagna og upplýsinga í sinni vörslu.

Tilgangur stefnunnar er að tryggja að starfsemi landskjörstjórnar sé varin gegn ytri og innri öryggis-ógnum, hvort sem þær megi rekja til ásetnings, gáleysis eða óhapps. Leitast er við að lágmarka hættu á óviljandi eða ólögmætri eyðingu gagna eða hættu á að upplýsingar glatist, breytist, verði birtar eða heimildarlaus aðgangur veittur að þeim.

Markmið stefnunnar eru eftirfarandi:

- að upplýsingar séu réttar og tiltækar þeim sem aðgangsheimildir hafa þegar þörf er á,
- að trúnaðarupplýsingar séu varðar gegn óviðkomandi aðgangi,
- að viðhalda trúnaði þegar það á við,
- að tryggja heilindi upplýsinga og rétta skráningu
- að gögn séu varin gegn skemmdum, eyðingu eða breytingum, hvort sem það er af ásetningi eða gáleysi,
- að lögum og að viðeigandi tilmælum og reglum sé fylgt,
- að öryggisbrot séu tilkynnt, rannsökuð, og brugðist sé við þeim á réttan hátt.

ÁHERSLUR

Landskjörstjórn leggur áherslu á að upplýsingaöryggi sé órjúfanlegur hluti af daglegri starfsemi og ákvarðanatöku. Lögð er áhersla á eftirtalda þætti til að ná fram markmiðum stefnunnar:

- Trúnaður – aðeins starfsfólk sem hefur til þess heimild hefur aðgang að viðkvæmum upplýsingum.
- Heilindi – tryggt að upplýsingum sé ekki breytt á óheimilan eða óviðeigandi hátt, þannig að þær haldist réttar og áreiðanlegar.
- Aðgengi – upplýsingar og upplýsingakerfi skulu vera aðgengileg þegar þeirra er þörf.

INNLEIÐING OG FRAMKVÆMD

Stefnunni er fylgt eftir með eftirfarandi aðgerðum:

Öryggisvitund og fræðsla

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að upplýsingaöryggisstefna sé kynnt fyrir starfsfólki sem ber að haga störfum sínum í samræmi við hana.

Verklagsreglur

Á grundvelli stefnunnar skulu settar verklagsreglur um meðferð upplýsinga og notkun upplýsingakerfa. Reglurnar skulu kynntar fyrir starfsfólki og vera aðgengilegar á innri vef landskjörstjórnar.

Kröfur til þjónustuaðila

Þjónustuaðilar skulu vinna samkvæmt viðurkenndum öryggisstöðlum, svo sem ISO/IEC 27001 eða sambærilegum öryggisstöðlum.

ÁBYRGÐ OG EFTIRFYLGNI

Stefna þessi og verklagsreglur landskjörstjórnar skulu endurskoðaðar að lágmarki á tveggja ára fresti. Framkvæmdastjóri landskjörstjórnar ber ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt í starfseminni. Stefnan er birt á ytri vef landskjörstjórnar

Landskjörstjórn
11. september 2025